

2015 / 2016



SKÍN

INNRA MAT TIL EFLINGAR SKÓLASTARFS
LOKASKÝRSLA TIL ÞRÓUNARSJÓÐS GARÐAÐBÆJAR

Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir
MENNTAKLIF
Garðatorgi 7, Garðabæ

Heiti verkefnis: SKÍN – Innra mat til eflingar faglegs skólastarfs

Styrkþegar: Garðaskóli og Hofstaðaskóli

Verkefnisstjórar: Ásta Sölvadóttir og Ágústa Guðmundsdóttir, Menntaklif

Markmið og tilgangur verkefnis samkvæmt umsókn:

SKÍN er samstarfsverkefni kennara og stjórnenda í Garðaskóla og Hofstaðaskóla í Garðabæ. Markmið verkefnisins eru að efla kennsluhætti og innra mat skólanna. Ætlunin er að auka fagmennsku kennara, þróa innra mat skólans sbr. 10. kafla Aðalnámskrár grunnskóla og hámarka árangur í kennslu.

Markmið 2015-2016

Á fyrra ári verkefnisins var lögð áhersla á að gera námsmarkmið sýnilegri nemendum, þróa leiðir til að efla leiðsagnarmat innan skólanna og þróa rýniheimsóknir kennara og stjórnenda í kennslustundir, bæði félagarýni og mat stjórnenda. Tilgangur verkefnisins er markvissari kennsla og endurgjöf til nemenda. Með því eru markmið náms gerð sýnilegri nemendum svo þeir geti í auknum mæli tekið meiri ábyrgð á eigin námi. Með þessu móti er ætlunin að færa hvatann í náminu meira inn á við hjá nemendum. Samfella í námi er talin mikilvæg. Með því að leggja sameiginlegar línur varðandi ákveðin vinnubrögð og markmið í báðum skólum eiga skil milli skólastiga að reynast nemendum auðveldari og þar með talið að fara á milli skóla. Það er skýr faglegur ávinningur að samræma og auka samvinnu milli skólastiga.

Markmið 2016-2017

Á seinna ári verkefnisins settu þátttakendur sér tvö yfirmarkmið til að vinna að um veturinn. Annars vegar að setja hæfniviðmið inn í námsáætlanir og kennsluseðla og hins vegar að efla innra mat skólanna.

Markmið: Hæfniviðmið inn í námsáætlanir og kennsluseðla.

- **Sýnileg hæfniviðmið/markmið.** Áhersla lögð á að heil teymi vinni á samstilltan hátt - allt skólaárið. Sýnileg hæfniviðmið sem kennarar geta dregið fram og sett upp á töflu/fram fyrir nemendur í hverri kennslustund.
- **Endurgjöf/leiðsagnarmat,** handhægar aðferðir nýttar í daglegu starfi með nemendum. Áhersla lögð á að heil teymi vinni á samstilltan hátt - allt skólaárið
- **Ábyrgð nemenda á eigin námi,** skipulagt út frá aldri nemenda
- Grunnur lagður í ágúst og janúar, endurbætt allt skólaárið

Markmið: Efla innra mat skólanna

- Innlit stjórnenda, gátlistar þróaðir - jafnt og þétt allt skólaárið
- Félagarýni / félagastuðningur kennara, svigrúm veitt til úrvinnslu - mars/apríl
- Lærdómsganga/kynningar kennara, á teymisfundum - október, mars og maí

Verið er að innleiða ný vinnubrögð og samtöl milli faghópa. Vinnan byggir meðal annars á fyrirmyndum frá samstarfshópi Garðbæinga í Shouburyness High School í Bretlandi sem skólafólk í Garðabæ kynntist með þátttöku í Comeniusar verkefni þvert á skóla í Garðabæ á árunum 2013-2015.

Leiðir:

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Leiðir árið 2015-2016:

Þátttakendum í verkefninu, 26 manns, var skipt upp í tvo þróunarhópa, einn hóp í hvorum skóla. Þátttakendur frá Hofstaðaskóla voru samtals fimmtán; 12 kennarar, 2 deildarstjórar og skólastjóri. Þátttakendur frá Garðaskóla voru ellefu; 8 kennarar, 1 deildarstjóri og 2 skólastjórnendur. Skólastjórnendur og einn fulltrúi kennara í hvorum skóla sátu í verkefnastjórn ásamt tveimur verkefnastjórum frá Menntaklifinu sem stýrðu vinnunni. Haldnir voru 15 vinnufundir á verkefnatímabilinu auk funda stjórnenda og verkefnastjóra sem funduðu nokkrum sinnum á tímabilinu. Allur hópurinn hittist fjórum sinnum; í maí, ágúst og október 2015 og apríl 2016 á kynningarfundum þar sem þátttakendur sögðu hver öðrum frá framgangi verkefnisins í hvorum skóla fyrir sig. Hvor þróunarhópur fundaði auk þess 5 sinnum í sínum skóla á tímabilinu september 2015 – júní 2016. Fulltrúar kennara í stýrihópnum sáu um að boða til funda innan skóla og hvetja sitt fólk áfram innan stofnunarinnar. Kennarar gerðu tilraunir með aðferðirnar í eigin kennslu allt skólaárið. Unnið var með sýnileg markmið, aukna hvatningu til nemenda (must, should, could), lærdómsgöngur, innlit skólastjórnenda og félagarýni.

Leiðir árið 2016-2017:

Þátttakendum í verkefninu var áfram skipt upp í tvo þróunarhópa, einn í hvorum skóla. Þátttakendur í Hofstaðaskóla voru þverskurður af starfslíði skólans, en í Garðaskóla voru flestir þátttakendur í stærðfræði- og enskudeild og úr stjórnendateymi skólans.

Hvort teymi fundaði fjórum sinnum yfir veturinn í sínum skóla. Haldnir voru 3 sameiginlegir fundir, auk þess sem hópurinn hélt kynningar fyrir samstarfsfólk sitt í hvorum skóla. Fulltrúar hópsins héldu erindi á ráðstefnu skólaþróunar um menntamál haustið 2016, og á Menntadegi Garðabæjar í október sama ár auk þess sem haldin var opin vinnustofa fyrir starfsfólk grunnskóla í Garðabæ í apríl 2017 þar sem afrakstur verkefnisins var kynntur fyrir áhugasömum.

Hlutverk verkefnastjóra 2015-2017

Verkefnastjórar gegndu því hlutverki tryggja gott samtal milli skólana, setja hæfilegan þrýsting á alla aðila og tryggja góða framvindu í verkefninu. Þeir sáu um að boða til fundar, halda fundargerðir, taka myndir, veita ráðgjöf og fylgjast með framgangi verkefnis í samráði við stjórnendur. Notast var við Google Drive, Facebook Groups og Dropbox sem samvinnuvettvang hópsins. Gögn voru vistuð á Google Drive og voru kennarar hvattir til þess að vera duglegir að taka myndir af tilraunum sínum í kennslunni. Hvor skóli fyrir sig hafði möppu á Google Drive til að safna saman gögnum. Auk þess var mappa fyrir sameiginleg gögn. Haldið var lokahóf fyrir þátttakendur í lok maí 2017 þar sem verkefninu lauk formlega. Skólarnir munu í framhaldinu halda merkjum SKÍN á lofti með sínum hætti í hvorum skóla og nýta gagnabankann sem varð til á verkefnatímanum til að viðhalda þróunarstarfinu í skólunum.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Áætlun verkefnisins gekk eftir á skólárinu 2016-2017. Kjarasamningsviðræður kennara höfðu áhrif á framvindu verkefnisins haustið 2016. Það fækkaði í hópnum í Garðaskóla seinna árið. Utanaðkomandi áhrif vegna innleiðingar aðalnámskrár hægðu á innleiðingu verkefnisins.

Mat á verkefninu:

Með SKÍN verkefninu er lagður grunnur að faglegu starfi milli tveggja skóla í Garðabæ og tengsl kennara efla. Slík samvinna innan og milli námsgreina, árganga og skóla hjálpar kennurum að vinna saman og þróa sig áfram í starfi. Greina má aukna faglega samræðu milli þátttakenda í verkefninu og lærdómurinn sem hlotist hefur af samvinnunni skilar sér í auknum skilningi á starfi kennara á yngsta, mið- og unglingastigi. Verkefnið hefur ýtt undir fagmennsku kennara sem sést meðal annars á aukinni faglegri hugtakanotkun sem er í takti við orðaforða nýrrar Aðalnámskrár. Þátttakendur í verkefninu hafa meðal annars þróað plakat, *verkfærakistu kennarans*, í anda hugmynda Benjamin Blooms. Verkfærakistan er í anda kennslufræði nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla.

Unnið var markvisst að því að gera áætlanir markmiðabundnar og tengja þær við hæfniviðmið aðalnámskrár. Námsáætlanir í báðum skólum tóku t.a.m. umtalsverðum breytingum á verkefnatímanum. Í Garðaskóla var t.d. sett fram nýtt markmiðabundið námsmat og unnið markvisst að því að gera markmið sýnileg í kennslu hjá verkefnahópnum. Til að mynda var kennsluætlunum skólans umbreytt í námsáætlanir. Námsáætlunum er ætlað það hlutverk að styðja nemendur í því að bæta hæfni sína í námi. Með því að setja fram raunhæf markmið og setja fram viðmið sem stuðst er við eru nemendur studdir í náminu. Námið er um leið gert að lærdómsferli sem styður hvern og einn þar sem hann er staddur.

Einn helsti styrkleiki verkefnisins var sá, að hver og einn þátttakandi, kennarar og stjórnendur voru með á eigin forsendum. Allir fengu frið til þess að prófa sig áfram, hver með sínu nefi. Það myndaðist mikið traust milli þátttakenda og á sameiginlegum fundum kepptist fólk við að segja hvert öðru frá tilraunum sínum í kennslunni. Sameiginlegu fundirnir voru mjög skemmtilegir og ánægjulegt að sjá hversu kraftmiklar og fjölbreyttar tilraunirnar voru. Þess ber að geta að um er að ræða kennara sem kenna nemendum frá 1. – 10. bekk, svo þróunarstarfið var mjög fjölbreytt – en miðaði allt að því að efla faglegt skólastarf.

Fljótlega kom í ljós að tilraunirnar skiluðu miklum árangri og var það mjög hvetjandi fyrir alla þátttakendur. Margir litlir sigrar unnust sem skiluðu sér beint til nemenda og kennara. Skipulagið varð betra í kennslunni, nemendur urðu kappsamari og lögðu sig betur fram í kennslustundum. Á unglingastiginu nýttust kennslustundir betur, agamálum fækkaði og sýnilegu markmiðin urðu til þess að nemendur vissu til hvers var ætlast.

Leiðsagnarmatið var unnið með ólíkum hætti eftir árgöngum. Það nýttist á mjög fjölbreyttan hátt og leiddi til þess að nemendur og kennarar voru betur meðvitaðir um hvaða þætti þurfti að vinna betur með hjá hverjum og einum og hvað gekk vel.

Það sem situr eftir í lok verkefnis er að skilningur kennara á nýju námsmati hefur eflast og innleiðing á námskrá helst í hendur við þá vinnu sem þegar hefur verið unnin og er í þróun. Hugtakaskilningur

nemenda hefur einnig eflst og greina má breytta orðræðu um nám hjá bæði nemendum og kennurum út frá markmiðssetningu allt til nemenda fyrsta bekkjar.

Með því að [auka samfellu milli skólastiga](#) (frá yngsta stigi til unglingastigs) er dregið úr hættu á rofi með sveigjanleika og samfellu í starfsháttum beggja skóla og samstarfi og upplýsingamiðlun milli skóla. Þátttaka í verkefninu hefur dýpkað skilning kennara á starfinu á stiginu á undan og eftir. Með samvinnu er hægt að minnka hættuna á að nemendur séu að fást við sama efni og áður (yngsta stig og/eða miðstig) á nýju skólastigi (unglingastigi). Samfellan eykst einnig þegar kennarar þróa sambærilegar aðferðir og hugtakanotkun í starfi með nemendum í anda nýrrar aðalnámskrár.

Vorið 2016 var rýnikönnun lögð fyrir þátttakendur og þeir spurðir um reynslu þeirra af verkefninu. Þeim fannst verkefnið hafa haft þau áhrif á kennsluna að markmiðin væru sýnilegri og markvissari hjá þeim auk þess sem kennslan sé skipulagðari í kjölfar verkefnisins. Kennarar í báðum skólum hafa bætt endurgjöf til nemenda og hún er líka sýnilegri og fjölbreyttari. Nemendur eru öruggari og vita betur til hvers er ætlast af þeim. Að mati kennara eru nemendur fyrri til við að klára verkefni og nýta tíma sinn betur. Margs konar hvatningakerfi voru tekin í notkun sem féllu vel í kramið hjá nemendum. Nemendur eru meira á tánum og hefur verkefnið auðveldað nemendum að gera sér grein fyrir markmiðum hvers tíma. Hvatningin (get, ætla, skal) hafði mjög jákvæð á unglingana sem eru kappsamari en áður og alltaf meðvitaðri um það hvað á að gera í tímunum. Aukin samvinna milli faggreina og skóla gerir það að verkum að kennarar fá nýtt sjónarhorn á það sem verið er að gera í hinum skólanum og læra í leiðinni af öðrum.

Nú í lok verkefnis má segja að búið sé að sannreyna að aðferðirnar sem verið er að innleiða í verkefninu auki árangur nemenda. Þá er bara að festa þær í sessi á komandi árum.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Í þessum síðasta hluta verkefnisins voru greiddar kr. 2.360.000 til þátttakenda og verkefnastjóra vegna verkefnis.

Greiðsla til þátttakenda í Hofsstaðaskóla og Garðaskóla	Kr. 1.576.000
Verkefnastjórnun:	Kr. 800.000

Verkefnið hefur áður hlotið styrk frá Sprotasjóði að upphæð kr. 1.500.000 og þróunarsjóði Garðabæjar að upphæð kr. kr. 2.360.000.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning:

Í lok verkefnis er ljóst að búið er að sannreyna að aðferðirnar sem verið er að innleiða í verkefninu auka árangur nemenda.

sem kennarar hafa sett fram sýnileg markmið í fjölmörgum kennslugreinum. Í Hofsstaðaskóla er ætlunin að þessir gagnabankar fylgi árgöngunum.

Fjölmörg hvatningarkerfi litu dagsins ljós og sem dæmi má nefna bekkjartré sem hélt utan um skólafernimarkmið allt skólaárið í einum bekk.


Lærdómsgöngurnar hafa haft jákvæð áhrif á starfsmannahópinn. Þar miðlar starfsfólk góðum hugmyndum til samstarfsfólks og veitir stuðning í að auka fjölbreytni í skólastarfinu.

Félagarýni frá aðilum sem eru ekki nánir samstarfsmenn er einnig jákvætt innlegg og kemur inn með nýtt sjónarhorn. Fjölbreyttari nálgun í endurgjöf til nemenda leit dagsins ljós. Tengslanet kennara hefur stækkað og þeir hafa betri innsýn í starf samstarfsskólans.



Mikill áhugi er meðal þátttakenda að halda áfram að dýpka og festa í sessi samvinnu innan og milli skóla og skólastiga með það að leiðarljósi að auka samfellu í námi og kennslu. Í ljós hefur komið að andrými er mismunandi eftir deildum í skólunum tveimur. Eftir því sem samstarfsaðilum fjölga innan fagdeildar eða árgangs, því kraftmeira verður samtalið milli kennara og tilraunum með nýja nálgun í kennslu fjölga.

Sýnileg markmið hjálpa nemendum að halda þræði í kennslustunum. Jákvæð hliðaráhrif af markmiðssetningunni eru að þau hjálpa til við bekkjarstjórnun þar sem aðferðirnar hjálpa kennurum við að ramma inn kennslustundir. Það kom meðal annars vel fram í innliti skólastjórnaenda.

Hér má sjá dæmi um tilraunir vetursins. Fyrri dæmið er frá leiðsagnarmati í 1. bekk og seinna dæmið á næstu blaðsíðu er dæmi um sýnileg markmið í stærðfræði á unglingastigi.



Myndir 2a,b og c. Framfarir í skrift hjá nemanda í 1. bekk sem hefur fengið endurgjöf á vinnuna með límmiða frá kennara



Myndir 3a og b. Dæmi um (get-ætla-skal) markmiðssetningu í stærðfræði á unglingastigi.

Innlit stjórnenda var í þróun bæði árin. Hugmyndunum var kastað fram og til baka og allir fengu tækifæri til að rýna gátlistann, áður en hann var prufukeyrður. Í byrjun vorannar 2017 luku stjórnendur Garðaskóla sínu innliti. Stjórnendur Hofstaðaskóla voru með innlit til kennara bæði árin.

Vorið 2017 var áhersla á þáttinn **ábyrgð nemenda** á eigin námi. Í Hofstaðaskóla prófuðu kennarar sig áfram með vikuáætlanir á miðstigi og í Garðaskóla var unnið með gátlista í stærðfræði, þar sem nemendur áttu að setja sér markmið í náminu. Með því að vera með sýnileg markmið í kennslunni jókst áhugi nemenda og tóku þeir í kjölfarið meiri ábyrgð á eigin námi.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Hægt er að lesa sig til um verkefnið á vef [Menntaklifsins](#).

- **Kynning á ársfundi Skólastjórafélag Íslands:** Skólastjórnendur Hofstaðaskóla og Garðaskóla héldu kynningu á verkefninu á ársfundi Skólastjórafélags Íslands í október 2015. Kynningin fór fram í svokölluðum [menntabúðum](#) sem eru þannig byggðar upp að munnlega er sagt frá verkefninu og vettvangur til spurninga og samræðu skapaður. SKÍN verkefnið var kynnt tvisvar og fjöldi þátttakenda sprengdi upp umræðuformið. Haldnar voru tvær kynningar og það mættu um 40 manns á fyrri kynninguna og 30 á seinni.
- **Kynning á haustráðstefnu Samtaka áhugafólks um skólaþróun:** Verkefnið var kynnt á [haustráðstefnu](#) Samtaka áhugafólks um skólaþróun sem haldin var í Garðabæ haustið 2016.
- **Kynning á Menntadegi Garðabæjar 24. október 2016:** Verkefnið var kynnt á haustráðstefnu skólasamfélagsins í Garðabæ. Mjög góð mæting var á vinnustofuna og var fullt út úr dyrum á kynningunni.
- **Opin SKÍN vinnustofa 6. apríl 2017 frá 15-16 í Garðaskóla:** Haldnar voru fjölmennar vinnustofur í Garðaskóla í apríl þar sem þátttakendur í verkefninu afraksturinn fyrir öðru skólafólki í grunnskólum Garðabæjar. Mjög góð aðsókn var að öllum vinnstofunum og áhugi mikill

Vinnustofa 1: Yngsta stig

- Helstu áherslur:
 - Sýnileg markmið í íslensku, stærðfræði og íþróttum.
 - Leiðsagnarmat t.d í íslensku. Endurgjöf í lestri (límmiðar).
 - Hróstré - skólafærni
 - Félagarýni/lærdómsgöngur
 - Kennslustundarýni

Vinnustofa 2: Miðstig

- *Helstu áherslur:*
 - Sýnileg markmið í stærðfræði, íslensku og heimilisfræði
 - Ábyrgð nemenda á eigin námi - vikuáætlun
 - Leiðsagnarmat
 - Félagarýni/lærdómsgöngur
 - Kennslustundarýni

Vinnustofa 3: Unglingastig

- *Helstu áherslur:*
 - Sýnileg markmið í stærðfræði, íslensku og ensku
 - Leiðsagnarmat í stærðfræði og ensku.
 - Ábyrgð nemenda á eigin námi
 - Kennslustundarýni

- Þann 2. júní 2017 fór fram lokahóf SKÍN verkefnisins þar sem verkefninu lauk formlega.



Umsagnir þátttökuaðila

Þátttökuaðilar voru beðnir um að deila reynslu sinni af SKÍN verkefninu. Hér að neðan eru nokkrar umsagnir:

SKÍN verkefnið hefur haft afdrifarik áhrif á þróun kennsluhátta í Garðaskóla. Reynsla kennaranna í SKÍN hópnun af innleiðingu á sýnilegum hæfniviðmiðum og aukinni áherslu á leiðsagnarmat hefur verið áberandi jákvæð. Þeir lýsa virkari nemendum og auknum árangri þeirra. Þessar lýsingar hafa náð eyrum fleiri kennara en aðferðirnar smitast ekki sjálfkrafa á milli. Í kjölfar SKÍN verkefnisins kemur samstarf grunnskólanna í Garðabæ um þróun á leiðsagnarmati og byggir það verkefni mjög skýrt á grunni SKÍN vinnunnar. Stjórnendur Garðaskóla munu halda áfram að bjóða kennurum innlit í kennslustundir og endurgjöf á störf þeirra. Kennsluáætlanir skólans hafa þróast samhliða SKÍN vinnunni í þá átt að aukin áhersla er lögð á birtingu hæfniviðmiða og beðið er um lýsingu á „leiðsagnarmati og öðru námsmati“ í stað þess að áður var bara kallað eftir upptalningu á námsmati og var þá vísað til lokamats á verkefnum nemenda.

Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla

SKÍN verkefnið tókst mjög vel í Hofsstaðaskóla. Það skapaðist mjög góður faglegur umræðu- og þróunarvettvangur. Þátttakendur voru áhugasamir og lögðu sig fram við að láta verkefnið takast. Hópurinn miðlaði vel af reynslu sinni innan skólans og til Garðaskóla, einnig til skólasamfélagsins í Garðabæ og víðar. Kennarar lögðu af stað við að gera litlar tilraunir sem urðu að stærri verkefnum og mörg þeirra hafa náð að festa sig vel í sessi. Nemendur og foreldrar gáfu mörgum kennurum jákvæða endurgjöf á tilraunirnar sem varð til þess að efla þá í að halda áfram.

Kennarar lögðu mesta áherslu á sýnileg markmið, endurgjöf til nemenda og að gera nemendur ábyrga fyrir námi sínu. Við þetta varð kennslan markvissari og nemendur vissu betur til hvers var ætlast af þeim. Kennarar fóru í innlit í kennslustundir svokallaða félagarýni. Það er ekki búíð að fastmóta hvaða leið er best að fara varðandi félagarýni. Kennarar voru þó flestir sammála um að innlitin þurfi að vera ákveðin af þeim þ.e. hvern þeir heimsækja og ekki of oft t.d. annað hvert ár.

Stjórnendur skipulögðu og héldu utan um 3 lærdómsgöngur sem heppnuðust mjög vel. Einnig fóru allir stjórnendur skólans í kennslustundarárni og studdust við ákveðinn gátlista, en þeir skiptu kennarahópnum á milli sín. Kynning á verkefninu út á við tókst afar vel. Haustið 2015 var það kynnt fyrir skólastjórnendum á skólastjóraþingi í Reykjanesbæ, sú kynning tókst mjög vel og vakti áhuga margra skólastjórna. Kynningar haustið 2016 á skólaþróun í FG og menntabúðadegi í Hofsstaðaskóla tókust einnig vel og voru vel sóttar. Lokakynningin í Garðaskóla vorið 2017 var afar vel heppnuð. Fyrirkomulagið að bjóða skólafólki í bænum á opnar kynningar virkaði greinilega vel og þátttakendum í SKÍN tókst vel að miðla þeim afrakstri sem verkefnið leiddi af sér.

Það að hafa verkefnastjóra til að stýra svona umfangsmiklu verkefni skipti miklu máli fyrir gang og þróun þessa verkefnis. Það var haldið vel utan um verkefnið og gott samstarf við verkefnastjóra og skólastjórnendur.

Núna er farið af stað annað þróunarverkefni í samstarfi við fjóra skóla í Garðabæ. Það verkefni er mjög gott framhald af SKÍN verkefninu því leiðsagnarmat verður þar í forgrunni. Óhætt er að segja að ákveðin þekking, vinnubrögð og tengsl hafi myndast í SKÍN verkefninu sem auðveldar þróunarstarf milli skólanna í bænum og gefur skólustarfi í bænum byr undir báða vængi þegar horft er til framtíðar.

Næstu skref

Strax í upphafi haustannar í tengslum við kennsluáætlanagerð lögðu stjórnendur til við kennara að þeir myndu leggja áherslu á að hafa sýnileg markmið í a.m.k. í einni námsgrein. Deildarstjórar munu fylgja því eftir að þetta skili sér með því að yfirfara kennsluáætlanir, ræða við kennara á árgangafundum og fara í kennslustundaryni. Einnig eru þátttakendur í SKÍN verkefninu hvattir til að miðla af sinni reynslu. Það verða tvær lærdómsgöngur á skólaárinu. Samhliða mörgum öðrum verkefnum teljum við það vera heppilegt að hafa eina á hvorri önn. Stjórnendur munu einnig fara í kennslustundaryni sem verður væntanlega með svipuðum hætti og á sl. skólaári.

Margrét Harðardóttir skólustjóri og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri í Hofsstáðaskóla

Mér fannst mjög góður stígandi í verkefninu, frábært að deila reynslusögum og hvetjandi að prófa það sama og hinir og gera það á sinn máta. Þetta einfaldar alla vinnu fyrir mann sjálfan, foreldra, aðra kennara og ekki síst nemendur sjálfa. Ég prófaði markmið í íslensku og félagssfærni eða hegðunarmarkmið. Endurgjöfin var líka mjög áhugaverð bæði sú sem maður sem kennari gaf nemendum og innlitin til kennaranna í bekkinn. Ég notaði líka jafningjamat út frá markmiðunum og reyndist það vel, sérstaklega þegar búið var að vinna með markmiðin með nemendum áður.

Margrét Einarsdóttir, sérkennslustjóri í Hofsstáðaskóla

Ég var ánægð með skipulagið, að hafa reglulega fundi og hafa tíma til að vinna að ákveðnum hugmyndum á milli funda. Samvinna starfsmanna var góð og hvetjandi. Gaman að vinna með Garðaskóla að verkefninu og mjög gott að hafa verkstjóra sem héldu utan um verkefnið.

Mér fannst það mikil framför í minni kennslu að vinna markvisst að því að gera námsmarkmið sýnileg nemendum. Nemendur urðu meðvitaðri um eigið nám, öruggari með sig og vissu alltaf hvað var framundan í náminu. Í stærðfræði t.d. þá fórum við að gera miða með áætlunum dæmum og seinna markmiðum með hverju viðfangsefni fyrir sig. Með því að orða markmiðin þá festu nemendur frekar í minni ýmis hugtök stærðfræðinnar og gátu tjáð sig um þau.

Við settum ýmist upp markmið tímans á power point glærur eða skrifuðum þau á töflu. Þar höfðum við í huga að markmið hverrar kennslustundar væru stigskipt, (must-should-could). Það var hvatning bæði fyrir kennara og nemendur að reyna að ná öllum markmiðum tímans. Með því skapaðist ákveðið aðhald varðandi það að nýta hverja kennslustund sem best.

Hugmyndin um límmiða til að leiðbeina nemendum var góð og nýtti ég mér hana í ritun, í stærðfræði og varðandi hegðun. Hjá einhverfum nemenda t.d. virkaði hún svo vel við það að afmarka verkefni að hún var nýtt allan veturinn.

Á fundum SKÍN gafst tækifæri til að skiptast á skoðunum, miðla hugmyndum og læra af öðrum. Á milli funda unnum við hvert okkar eða í hópum áfram með ákveðnar hugmyndir, gerðum okkar útfærslu og aðlöguðum að mismunandi hópum. Smám saman mynduðust gagnabankar af verkefnum og hugmyndum sem hægt er að nýta áfram og þróa.

Lærdómsgöngurnar tókust vel. Gagn og gaman að heimsækja aðra kennara, fá hugmyndir og skyggjast inn í verkefni og verksvið annarra.

Það hefði verið gaman að allir þátttakendur hefðu fengið tækifæri til að fara út og skoða skóla áður en lagt var af stað í verkefnið. Mér fannst ég lengi svolítið týnd og skildi ekki alveg must, should, could, en svo kom þetta með tíð og tíma.

Annars var bara mjög skemmtilegt og gefandi að taka þátt í SKÍN

Bergljót Vilhjálmsdóttir, sérkennari í Hofsstaðaskóla

SKÍN verkefnið var styrkt af Sprotasjóði og Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2015-2016. Verkefnið hlaut framhaldsstyrk frá Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ skólaárið 2016-2017.





Dagsetning: 5. desember 2017


Undirskrift verkefnisstjóra Asta Sívaldóttir

AGUSTA GUAMUNDSDÓTTIR

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla _____

Viðauki: SKÍN FERLI 2015-2016 og 2016-2017

Ferli	Framkvæmd	Ný gögn
<p>1. STIG</p> <ul style="list-style-type: none"> Hugmyndafundur í Hofsstaðaskóla Garðaskóli bætist við verkefnið Gagnasöfnun Markmið og áætlun mótuð Sótt er um styrki vegna SKÍN Skipun verkefnisstjórnar (Menntaklif) SKÍN innleidd í starfsþróunaráætlanir, skólanámsskrár og kennsluáætlanir. 	<p>Verkefnastjórn: Þátttökuskólar, Hofsstaðaskóli, Garðaskóli og Menntaklif</p> 	<p>Efni frá Comeniusar verkefni</p> <p>SÍS -Leiðbeiningar um innra mat skóla</p> <p>Listar frá og þátttökuskólum SKÍN í starfsþróunaráætlun</p>
<p>2. STIG</p> <ul style="list-style-type: none"> Kynningarefni undirbúið Kynning á SKÍN í þátttökuskólum Fyrsti teymisfundur haldinn, verkefni kynnt fyrir þátttakendum og næstu skref mótuð SKÍN-teymið – frekari gagnasöfnun og rýnt í fyrirliggjandi gögn Aðgerðaáætlun mótuð fyrir innlit skólastjóra, félagastuðning, lærdómsgöngu, hæfniviðmið og kennsluseðla, sýnileg markmið kennara. 	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi</p> 	<p>Vinnugögn frá Skínteymi</p> <p>Aðgerða- og tímaáætlun</p> <p>Tékklisti fyrir innlit</p> <p>Sýnileg markmið kennarar</p>
<p>3. STIG (haust - vor)</p> <ul style="list-style-type: none"> Aðgerðir verkþátta framkvæmdir Reglulegir rýni og endurmatsfundir þátttakenda Samstarf við nemendur og foreldra (nemendaáætlanir og markmið) ? Sýnileg markmið kennara og nemanda, (nemendaáætlanir og markmið). Leiðsagnarmat prófað Innlit skólastjóra í kennslu 	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi Hluti nemenda og foreldrar?</p> 	<p>Umbætur á fyrri áætlunum</p> <p>Sýnileg markmið nemendur, foreldrar</p> <p>Þýðing og staðfæring á verkfærakistu kennarans (Blooms)</p>
<p>4. STIG 2016 - 2017</p> <ul style="list-style-type: none"> Úrvinnsla þróunarverkefnis Mat á verkefni – (rýnivíðtöl og spurningalisti?) tillögur að innleiðingu fyrir alla kennara og nemendur Niðurstöður kynntar á skólapingi í Garðabæ og á fleiri stöðum þar sem kennarar koma saman. 	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi</p> 	<p>SKÍN Aðferðir</p> <p>Sýnileg námsmarkmið</p> <p>Kennsluseðlar</p> <p>Innlit – tékklistar</p> <p>Matslistar – fyrir framúrskarandi kennslu (Rubics)</p>

<p>5. STIG 2016-2017</p> <ul style="list-style-type: none">· Þróunarverkefni útvíkkað	<p>Verkefnastjórn SKÍN þróunarteymi Allir starfsmenn og nemendur</p> 	<p>SKÍN í skólanámskrá, starfsþróunaráætlun og kennsluáætlun</p>
--	---	--